

## Framkvæmdanefnd kirkjupings

### **Fundargerð**

**21.3.2022 kl. 17:30**

*Mætt eru: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, formaður sem einnig ritar fundargerð  
Einar Már Sigurðarson  
Skúli Ólafsson  
Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri rekstarstofu  
Sóknarnefnd Skeggjastaða*

### *Fundur með sóknarnefnd Skeggjastaðasóknar*

Sóknarnefnd Skeggjastaðarsóknar hefur áhyggjur af fyrirhugaðri sölu á jörðinni Skeggjastöðum og prestbústaðnum.

Á jörðinni er auk prestseturs, kirkja og kirkjugarður. Ef jörðin er seld þarf að tryggja aðgengi sóknarinnar að kirkjugarðinum.

Sóknin hefur nýtt neðri hæð prestbústaðarins sem safnaðarheimili auk þess sem kirkjumunir eru geymdir þar. Enginn salernisaðstaða er í eða við kirkjuna sjálfa og því þurfa kirkjugestir aðgengi að prestbústaðnum.

Fornmynjar eru á jörðinni sunnan við prestbústaðinn. Guný Zöega hefur ritað skýrslu um fornmynjarnar.

Skeggjastaðir eru á sölulista kirkjupings en ekki er búið að fá verðmat í jörðina eða setja hana á sölu.

Framkvæmdanefnd og sóknarnefnd ræða ýmsa möguleika varðandi jörðina.

Niðurstaðan er að halda samtalinu áfram og skoða hvort ekki sé hægt að finna lausn sem hentar öllum.